

Akraneskaupstaður
Borgarbyggð
Hvalfjarðarsveit
Skorradalshreppur
b.t. sveitarstjórnar

Borgarnesi, 6.mars 2023

Endurskoðun fjallskilasamþykktar

Stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps fundaði þann 6. mars 2023. Eftirfarandi var bókað;

3. Endurskoðun fjallskilasamþykktar

Framlögð minnisblöð starfsmanns og Sambands íslenskra Sveitarfélaga

Stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps samþykkir að óska eftir heimild sveitarstjórna ofangreindra sveitarfélaga til að hefja vinnu við breytingar og endurskoðun fjallskilasamþykktar nr. 683/2015 og nr. 714/2015. Óskað er eftir staðfestingu sveitarstjórna þess efnis að stjórn fjallskilaumdæmisins sé heimilt að funda allt að sex sinnum á árinu 2023 með þeim kostnaði sem fellur til sbr. Samþykkt um stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps. Kalli vinna stjórnar á aðkeypta þjónustu s.s. vegna lögfræðiráðgjafar, mun stjórn óska eftir viðbótarfjárframlagi vegna þess.

Stjórn fjallskilaumdæmisins óskar með bréfi þessu, eftir því að erindið verði lagt fyrir sveitarstjórn aðildarsveitarfélaga fjallskilaumdæmisins svo fljótt sem verða má.

F.h. stjórnar fjallskilaumdæmis,
Hrafnhildur Tryggvadóttir
starfsmaður stjórnar

Rökstuðningur stjórnar:

Á undanförunum árum hefur stjórn fjallskilaumdæmisins fundað 1-3svar sinnum á ári. Stjórnin hefur árlega fengið beiðnir frá sveitarstjórnunum þar sem óskað er eftir breytingum á tímasetningum leita og rétta sem stjórn fjallskilaumdæmisins getur að tillögu sveitarstjórna breytt ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi skv. 15. fjallskilasamþykktarinnar.

Þá hefur á nýliðnum vikum og mánuðum verið í gangi mikil umræða um réttindi og skyldur mismunandi aðila þegar kemur að t.d. ágangi sauðfjár og framkvæmd málefna sem fjallað er um í

regluverki um fjallskil. Því er mikilvægt að þær vinnureglur sem unnið er eftir af sveitarstjórnnum sem aðild eiga að fjallskilaumdæminu hafi skýra lagastoð fyrir þeim reglum í lögum og samþykktum. Þá er umræða er um nauðsyn þess að endurskoða lög um afréttamálefni fjallskil o.fl. nr.6/1986 en ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort af því verður.

Erfitt er að áætla hversu langan tíma endurskoðun fjallskilasamþykktar tekur. Endurskoðun sem þessi krefst samráðs við sveitarstjórnir og fjallskilanefndir og þá þarf að hafa í huga að endurskoðun laganna, ef af verður, getur það kallað á enn frekari vinnu.